

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 miðvikudaginn 12. janúar 2022, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Örn Arnarson, Guðmundur Þór Birgisson, Álfhildur Leifsdóttir og Hilda Jana Gísladóttir. Tómas Árdal varamaður mætti á fundinn kl. 11:00. Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður boðaði forföll. Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson verkefnastjóri.

Formaður setti fund, óskaði fundarmönnum gleðilegs árs og fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

## 1. Staða verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna hjá MN.

Breytingar hafa orðið á starfinu í janúar þar sem staðar-sýningum hefur verið frestað. Þátttaka í rafrænum vinnustofum kemur í staðinn. Mannamóti frestað fram í seinnihluta mars vegna Covid. Skráning þar var góð.

Farmundan er úrvinnsla úr stefnumótuninni sem var unnin fyrir MN.

MN mun áfram pressa á að fá mokstur á Dettifossvegi.

Verið að skoða hvar sé hægt að sækja styrkri fyrir starfsemina í nýju landslagi nýrra ráðuneyta og ráðherra.

MN mun taka þátt í Ratsjánni með SSNE, mun sækjast eftir því sama hjá SSNV.

Upplifðu verkefnið: Tjarnargatan er að selja kerfið og verkefnið mun flytjast yfir til annars fyrirtækis. Íslandsstofa kemur inn í samstarfið um Upplifðu. Gott mál fyrir MN.

Búið var að auglýsa fundarröð fyrir samstarfsfyrirtæki, til að aðstoða við vörupróun. Henni var frestað vegna Covid, en haft verður samband við alla sem voru skráðir og aðstoð boðin til þeirra.

Verið að klára uppfærslur á söluhandbókum fyrir ACW og DC.

Verið að setja inn gönguleiðir á heimasíðuna, unnið að því að stækka þann gagnabanka.

Farmundan er stór FAM ferð frá Delta Scandinavia í lok febrúar.

Unnið áfram að verkefni með ferðamálasamtökum NV - beðið eftir svörum frá SSNV varðandi samstarf.

Farmundan er að plana sumarið - búið að óska eftir stuðning við innanlandsátak.

Þriðji ferðaþátturinn mun fara fara í loftið fljótlega, en nýlega hafa 2 ferðaþættir verið sýndir þar sem ferðast er um Norðurland. Þættirnir eru m.a. birtir á facebook síðu Visit North Iceland.

Verið er að undirbúa innlendar FAM ferðir, sem verða framkvæmdar um leið og kostur er.

Verið er að klára umræður við fyrirtæki í Sviss varðandi sjálfbærni verkefni (sjá önnur mál).

Taste Iceland verkefnið er að fara aftur í gang.

Vinna við að koma efni um söfn og setur á Norðurlandi inn á heimasíðuna og í myndabanka.

Örfundir framundan fyrir ACW fyrirtæki til að kenna þeim að nota söluhandbók og annað markaðsefni.

Unnið með ferðaskipuleggjendum að koma þeim betur á framfæri sem DMC.

Umræða var hjá stjórn um mikilvægi skíðasvæðanna fyrir vetrarferðaþjónustu á Norðurlandi. Lagt til að funda sérstaklega, mögulega með öllum hlutaðeigandi aðilum, um framtíðarsýn fyrir skíðasvæðin og eflingu vetrarferðaþjónustu.

## 2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstar- og fjárhagsáætlun fyrir 2022.

*Stjórn samþykkti áætlunina.*

## 3. Yfirlit stefnumótunar

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður frá stefnumótunarfundi stjórnar MN 15. - 16. nóvember 2021.

*Stjórn lýsti ánægju með vinnuna og afraksturinn og lagði áherslu á að vinna áfram með niðurstöðurnar og nýta það í verkefnum MN.*

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir kynningu á stefnumótunarvinnu fyrir MAS, sem kynnt var fyrir nýjum ráðherra ferðamála.

## 4. Önnur mál

### Tillaga um efnahagsaðgerðir

Framkvæmdastjóri sagði frá að MAS hefði átt mjög góðan fund með nýjum ráðherra ferðamála, Lilju Alfreðsdóttur. Lilja óskaði á fundingum eftir tillögum frá MAS um aðgerðir næstu 3 mánuði til að styðja ferðaþjónustuna. MAS sendi í kjölfarið lista með aðgerðum, sem byggður var á samtölum MAS við fyrirtæki í ferðaþjónustu.

## Húsnæðismál

Framkvæmdastjóri sagði frá erfiðum samskiptum við Reiti vegna myglu í núverandi skrifstofuhúsnæði. Loks er komin sú niðurstaða að húsnæðið sem MN er í núna verður tekið í gegn. Mögulega mun MN flytja í annað húsnæði í einhverja mánuði á meðan núverandi húsnæði verður lagðað.

## Sjálfbærniverkefni

Hjalti sagði frá fyrirhuguðu samstarfi við fyrirtæki í Sviss varðandi sjálfbærniverkefni fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi. Markmið verkefnisins er að greina stöðu og tækifæri fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi og búa til leiðarljós til framtíðar. MN hyggst kaupa ráðgjöf af svissneska fyrirtækinu, sem hefur mikla reynslu af slíkum verkefnum.

*Stjórn samþykkti að fara í þetta verkefni og semja við svissneska fyrirtækið um kaup á ráðgjöf.*

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 11:45

Fundarritari HPP